Fjárhagsáætlun Múlaþings

2027–2030

Greinargerð með fjárhagsáætlun

Múlaþing

Fyrri umræða í sveitarstjórn | 11. nóvember 2026



Efnisyfirlit

01 **Í hnotskurn**
Helstu niðurstöður 2027

02 **Ferli áætlunargerðar**
Lög, reglur og vinnsla áætlunar

03 **Forsendur**
Verðlag, laun, íbúar og álagning skatta

04 **Rekstur**
Tekjur, gjöld, afkoma og B-hluti

05 **Málaflokkar**
Hvert fara skatttekjurnar

06 **Fjárfestingar og fjármögnun**
4 og 10 ára fjárfestingaráætlun, lántökur

07 **Skuldir og fjármálareglur**
Jafnvægisregla, skuldaviðmið og markmið

08 **Niðurstaða**
Samantekt og helstu áhættuþættir

01

Helstu niðurstöður í hnotskurn

Fjárhagsáætlun 2027 – samanburður við útkomuspá 2026 · fjárhæðir í m.kr.

REKSTRARNIÐURSTAÐA A+B

566 m.kr.

Útkomuspá 2026: 519 m.kr.
Rauntölur 2025: 221 m.kr.

REKSTRARNIÐURSTAÐA A-HLUTA

180 m.kr.

Útkomuspá 2026: 118 m.kr.
Rauntölur 2025: −372 m.kr.

SKULDAVIÐMIÐ A+B

90,5 %

Hámark skuldaviðmið skv. reglugerð er 150%.
Lækkar í 81,7% árið 2030.

FRAMLEGÐ A+B

14,5 %

1.866 m.kr. A-hluti: 1.118 m.kr. eða 10,1% af tekjum.

VELTUFÉ FRÁ REKSTRI A+B

1.711 m.kr.

13,3% af tekjum. Dugar fyrir afborgunum (998 m.kr.) og vöxtum (453 m.kr.).

FJÁRFESTINGAR A+B NETTÓ

1.640 m.kr.

Brúttó 3.118 m.kr. A-hluti 600 m.kr., HEF veitur 712 m.kr. og Hafnir 400 m.kr. nettó. Ný lán 950 m.kr.

02

Lögbundnar kröfur og viðmið

Áætlunin er sett fram skv. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 fyrir A-hluta og samantekinn A- og B-hluta

62. gr.

Fjárhagsáætlun

Sveitarstjórn fjallar um áætlun næsta árs og þriggja ára áætlun á tveimur fundum og afgreiðir hana fyrir árslok.

64. gr.

Fjármálareglur

Jafnvægisregla: rekstrarjöfnuður A+B skal vera jákvæður á hverju þriggja ára tímabili. Skuldaregla: skuldir og skuldbindingar A+B mest 150% af reglulegum tekjum.

Rg. 502/2012

Fjárhagsleg viðmið

Reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga skilgreinir m.a. skuldaviðmið.

A-hluti · Sveitarsjóður

Aðalsjóður, Eignasjóður og SSA bs. Starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð með skatttekjum.

B-hluti · Fyrirtæki og stofnanir

Hafnarsjóður, HEF veitur ehf., Hjúkrunarheimili, Kaupleiguíbúðir, Félagslegar íbúðir, Fasteignafélag Fljótsdalshéraðs ehf., Ríkharðshús, Ársalir bs. og Brunavarnir á Héraði. Rekin að mestu fyrir þjónustutekjur.

02

Ferill fjárhagsáætlunar

Frá undirbúningi til samþykktar – áætlunin er unnin í áætlunarkerfi KPMG (Ásnum)

1 Maí 2026

Áherslur

Farið yfir áherslur næsta árs með sviðsstjórum

2 Maí 2026

Launaáætlun

Fyrstu drög að launaáætlun næsta árs unnin

3 Júní 2026

Forsendur

Forsendur áætlunar birtar: verðlag, laun, íbúar og skattar

4 Júní 2026

Rammaáætlun

Fjárhagsrammar sviða – grunnur fjárhagsáætlunar

5 September 2026

Launaáætlun

Launaáætlun yfirfarin og uppfærð

6 September 2026

Áætlanir sviða

Svið vinna rekstrar- og fjárfestingaráætlanir innan ramma

7 Október 2026

Nefndir og ráð

Áætlun kynnt nefndum sem koma með áherslur og ábendingar

8 Nóvember 2026

Byggðaráð

Fjallar um drög og vísar til sveitarstjórnar

9 11. nóvember 2026

Fyrri umræða

Áætlun lögð fram í sveitarstjórn

10 9. desember 2026

Seinni umræða

Endanleg afgreiðsla sveitarstjórnar

Undirbúningur · Vinnsla · Afgreiðsla

03

Efnahagsumhverfi og helstu forsendur

Samantekt á þeim forsendum sem áætlunin byggir á · nánar á næstu glærum

Efnahagsumhverfið

Verðbólga hefur verið yfir 5% á árinu 2026 en gert er ráð fyrir að hún hjaðni hratt: 3,6% á árinu 2027 og 2,5% frá 2028, í takt við verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands. Lánasafnið er að mestu verðtryggt og því skilar lægri verðbólga sér beint í lægri fjármagnskostnaði.

Laun og kjarasamningar

Launaáætlun byggir á stöðugildum og gildandi kjarasamningum. Gert er ráð fyrir að laun hækki um 5,2% árið 2027 og 4,4% á ári eftir það. Laun eru um 54% af tekjum samstæðu og stærsti einstaki útgjaldaliðurinn.

Skatttekjur

Útsvarshlutfall er óbreytt, 14,97%, og heimildin fullnýtt. Útsvarstekjur hækka um 6,4% og tekjur af fasteignaskatti um 4,9% þrátt fyrir lækkun álagningarhlutfalla. Framlög Jöfnunarsjóðs hækka um 2,1% í samræmi við áætlanir sjóðsins.

Gjaldskrár og íbúaþróun


Hækkun almennra gjaldskráa í A-hluta verður mest 2,5% á árinu 2027 skv. samþykkt byggðaráðs. Áætlað er að íbúum fjölgi um 40 á ári og verði 5.435 í árslok 2030.

03

Helstu forsendur áætlunar

Forsendur og breyting milli ára skv. áætlun A-hluta

	2026	2027	2028	2029	2030
Vísitala neysluverðs	5,2%	**3,6%**	2,5%	2,5%	2,5%
Hækkun launa	–	**5,2%**	4,4%	4,4%	4,4%
Útsvarshlutfall	14,97%	**14,97%**	14,97%	14,97%	14,97%
Útsvarstekjur	–	**6,4%**	6,3%	6,2%	6,2%
Hækkun fasteignamats	–	**2,7%**	3,5%	3,0%	3,0%
Fasteignaskattstekjur	–	**4,9%**	6,6%	6,1%	6,1%
Framlög Jöfnunarsjóðs	–	**2,1%**	2,5%	2,5%	2,5%
Aðrar tekjur	–	**5,4%**	−2,2%	1,6%	2,6%
Annar rekstrarkostnaður	–	**5,3%**	1,4%	3,4%	3,3%
Íbúafjöldi í árslok	5.275	**5.315**	5.355	5.395	5.435



Útsvar er fullnýtt (14,97%). Áætlað að íbúum fjölgi um 40 á ári. Verðbólga hefur bein áhrif á verðbætur lána.

03

Álagning skatta og gjalda 2027

Álagningarhlutföll og gjaldskrár skv. tillögu að fjárhagsáætlun

Útsvar

14,97%

Útsvarshlutfall

Óbreytt – heimild fullnýtt

Fasteignaskattur

0,43%

Íbúðarhúsnæði (A)

1,32%

Opinbert húsnæði (B)

1,60%

Atvinnuhúsnæði (C)

A lækkar úr 0,45% · C úr 1,625%

HEF veitur

0,29%

Fráveitugjald

305 kr.

Vatnsgjald á m²

10.721 kr.

Fast vatnsgjald

Fráveitugjald lækkar

Lóðaleiga

0,75%

Íbúðarhúsnæði (A)

0,75%

Atvinnuhúsnæði

4,0%

Leiguland

Óbreytt frá 2024

Gjaldskrár

Hámark 2,5%


Byggðaráð samþykkir að hækkanir almennra gjaldskráa í rekstri A-hluta 2027 verði ekki umfram verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands, 2,5%, að því gefnu að gildandi kjarasamningar haldi. Byggðaráð skorar á ríkið og stofnanir þess að takmarka hækkanir gjaldskráa og álögur á heimilin með sambærilegum hætti.

Fasteignaskattur, fráveitugjald og lóðaleiga eru hlutfall af fasteignamati. Gjalddagar fasteignagjalda verða 9, frá 1. febrúar til 1. október 2027.

04

Rekstrartekjur A- og B-hluta

Tekjur samstæðu eftir tekjustofnum, m.kr.



TEKJUR 2027

12.830 m.kr.

+3,7% frá útkomuspá 2026

TEKJUR 2030

14.549 m.kr.

+17,6% frá 2026, um 4% á ári


Útsvar hækkar um 6,4% milli 2026 og 2027 og er 37% af tekjum samstæðu.

04


Tekjur A-hluta og tekjur á íbúa

Samsetning tekna sveitarsjóðs 2027 og þróun tekna á hvern íbúa

A-hluti 2027 · 11.105 m.kr.



A-hluti · þús. kr. á íbúa



Gjöld án afskrifta og fjármagnsliða. Íbúafjöldi í árslok skv. áætlun (5.235 árið 2025 – 5.435 árið 2030).

04

Tekjustofnar A-hluta nánar


Hvað skýrir breytingar tekna 2027 · fjárhæðir í m.kr. nema annað sé tekið fram

Útsvar

4.853 m.kr. +6,4%

Útsvarshlutfall er fullnýtt (14,97%). Hækkunin ræðst af launaþróun (meðallaun +4,5%) og fjölgun íbúa. Um 913 þús. kr. á hvern íbúa 2027.

Útsvar á íbúa, þús. kr.




Fasteignaskattur

1.177 m.kr. +4,9%

Fasteignamat hækkar um 2,7% og nýbyggingar um 3,0%. Á móti lækkar álagning á íbúðarhúsnæði úr 0,45% í 0,43% og á atvinnuhúsnæði úr 1,625% í 1,60%.

Tekjur af fasteignaskatti, m.kr.




Framlög Jöfnunarsjóðs

3.613 m.kr. +2,1%

Þriðjungur tekna A-hluta. Hækkunin 2026 (+602 m.kr.) skýrir stóran hluta viðsnúnings í rekstri. Árið 2027 er hækkunin hófleg, í samræmi við áætlun sjóðsins.

Framlög Jöfnunarsjóðs, m.kr.



Aðrar tekjur

1.613 m.kr. Aðalsjóður

Þjónustutekjur, gjaldskrár, endurgreiðslur og styrkir. Hækkun almennra gjaldskráa A-hluta er mest 2,5% árið 2027.


Aðrar tekjur Aðalsjóðs 2027 eftir málaflokkum, m.kr.



04

Rekstrargjöld A- og B-hluta

Gjöld fyrir afskriftir og fjármagnsliði, m.kr. · laun eru stærsti einstaki liðurinn



LAUN 2027 · A+B

6.891 m.kr.

+5,9% frá útkomuspá 2026

LAUN SEM HLUTFALL AF TEKJUM

53,7 %

A-hluti: 58,6% · 2026: 52,6%

Annar rekstrarkostnaður A+B hækkar um 2,0% milli ára, í A-hluta um 5,3%.

04


Rekstrargjöld A-hluta nánar

Hvað skýrir breytingar gjalda 2027 · fjárhæðir í m.kr. nema annað sé tekið fram

Laun og launatengd gjöld

6.508 m.kr. +5,2%


Launaáætlun byggir á stöðugildum og gildandi kjarasamningum. Hækkunin er umfram almenna 4,0% forsendu. Laun eru tæp 59% af tekjum A-hluta.



Laun eftir málaflokkum

6.341 m.kr. Aðalsjóður

Fræðslu- og uppeldismál, þ.e. skólar og leikskólar, eru 58% af launakostnaði Aðalsjóðs.



Annar kostnaður

3.277 m.kr. +5,3%


Aðkeypt þjónusta, rekstur húsnæðis, orka og vörukaup. Í Aðalsjóði (5.024 m.kr.) er innri leiga til Eignasjóðs meðtalin, en hún fellur út í A-hluta.



Afskriftir

396 m.kr. +8,8%

Afskriftir hækka með auknum fjárfestingum, úr 364 m.kr. 2026 í 462 m.kr. 2030. Nýjar eignir þarf rekstur að standa undir.




Lífeyrisskuldbinding

202 m.kr. gjaldfærðar 2027 (um 204 m.kr. á ári eftir það), þar af um 100 m.kr. greiddar beint. Skuldbinding A-hluta er um 1,9 ma. kr. í árslok 2027.

04

Rekstrarniðurstaða 2025–2030

Afkoma A-hluta og samantekins A- og B-hluta, m.kr.




- **Viðsnúningur í A-hluta:** úr 372 m.kr. halla 2025 í 180 m.kr. afgang 2027 og 579 m.kr. 2030.
- **Samstæðan:** afgangur 566 m.kr. 2027 og vex í 911 m.kr. 2030.
- **B-hluti** skilar 386 m.kr. afgangi 2027, mest frá HEF veitum og Hafnarsjóði.
- **Fjármagnsliðir** lækka með minni verðbólgu, úr 753 m.kr. 2026 í 648 m.kr. 2027.

04

Frá tekjum til rekstrarniðurstöðu 2027

Samantekinn A- og B-hluti, m.kr.



Framlegð = tekjur − rekstrargjöld fyrir afskriftir. Framlög og tekjuskattur: framlög frá eigin sjóðum (50 m.kr.) að frádregnum tekjuskatti (21 m.kr.).

04

B-hluti – fyrirtæki og stofnanir

Rekstrarniðurstaða einstakra eininga B-hluta, m.kr.

m.kr.	Útkomuspá 2026	Áætlun 2027	2028	2029	2030
HEF veitur ehf.	221	**225**	198	181	177
Hafnarsjóður	152	**88**	142	122	102
Hjúkrunarheimili	19	**34**	37	41	45
Kaupleiguíbúðir	16	**37**	1	1	1
Félagslegar íbúðir	12	**27**	48	14	15
Brunavarnir á Héraði	10	**9**	10	12	14
Ríkharðshús	12	**−1**	−1	−1	−1
Ársalir bs.	−40	**−32**	−21	−21	−21
B-hluti samtals	**400**	**386**	**413**	**348**	**332**

TEKJUR B-HLUTA 2027

1.891 m.kr.

Framlegð 747 m.kr. eða 39,5%

FJÁRFESTINGAR B-HLUTA 2027 NETTÓ

1.040 m.kr.

HEF 712 m.kr. · Hafnir 400 m.kr. · íbúðir −81 m.kr.

NÝ LÁN B-HLUTA 2027

450 m.kr.

Öll hjá HEF veitum vegna framkvæmda

Fasteignafélag Fljótsdalshéraðs ehf. er með óverulega starfsemi (−0,1 m.kr. á ári) og er ekki sýnt sérstaklega.

05

Málaflokkar A-hluta 2026–2030

Nettó niðurstaða málaflokka og sjóða A-hluta, m.kr. · neikvæð tala = nettó kostnaður


m.kr.	Útkomuspá 2026	Áætlun 2027	Breyting	2028	2029	2030
Skatttekjur	**9.309**	**9.739**	**+430**	**10.213**	**10.707**	**11.228**
Þjónusta við fatlað fólk	−704	**−722**	**−18**	−754	−787	−822
Félagsþjónusta	−545	**−571**	**−26**	−595	−619	−644
Fræðslu- og uppeldismál	−4.731	**−4.978**	**−247**	−5.181	−5.392	−5.611
Menningarmál	−404	**−444**	**−40**	−460	−476	−493
Æskulýðs- og íþróttamál	−1.014	**−1.090**	**−76**	−1.132	−1.176	−1.221
Brunamál og almannavarnir	−245	**−243**	**+2**	−253	−263	−273
Hreinlætismál	−39	**−9**	**+30**	−11	−13	−16
Skipulags- og byggingarmál	−689	**−659**	**+30**	−680	−703	−726
Umhverfismál	−287	**−314**	**−27**	−325	−337	−350
Framlög til B-hluta fyrirtækja	−44	**−50**	**−6**	−51	−53	−55
Sameiginlegur kostnaður	−662	**−671**	**−9**	−699	−728	−759
Lífeyrisskuldbinding	−198	**−203**	**−5**	−201	−201	−201
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	−128	**−133**	**−5**	−135	−148	−155
Aðalsjóður	**−380**	**−349**	**+31**	**−264**	**−188**	**−95**
Eignasjóður	488	**511**	**+23**	604	623	660
SSA bs.	10	**18**	**+8**	14	14	14
A-hluti samtals	**118**	**180**	**+62**	**354**	**448**	**579**

Breyting: mismunur áætlunar 2027 og útkomuspár 2026 í m.kr. (grænt = betri niðurstaða, appelsínugult = aukinn kostnaður). Samanburður við 2025 er ekki sýndur vegna breyttrar flokkunar málaflokka.

05

Hvert fara skatttekjurnar?

Nettó kostnaður málaflokka Aðalsjóðs 2027 (gjöld að frádregnum sértekjum), m.kr.



Af hverjum 100 kr. í skatttekjum

51 kr. Fræðslu- og uppeldismál

11 kr. Æskulýðs- og íþróttamál

7 kr. Þjónusta við fatlað fólk


7 kr. Sameiginlegur kostnaður

Skatttekjur Aðalsjóðs 2027: 9.739 m.kr. (útsvar, fasteignaskattur og Jöfnunarsjóður).

06

Fjármagnsliðir

Vextir og verðbætur A- og B-hluta, m.kr. · verðbætur fylgja verðbólguforsendum



FJÁRMAGNSLIÐIR 2027 · A+B

648 m.kr.

Vaxtagjöld og verðbætur 772 m.kr., vaxtatekjur 123 m.kr.

VERÐBÆTUR 2027 · A+B

319 m.kr.

2026: 446 m.kr. · verðbólga 3,6% í stað 5,2%

A-hluti 2027: fjármagnsliðir 541 m.kr., þar af vextir 290 m.kr. og verðbætur 260 m.kr.

Vextir = vaxtagjöld og verðbætur að frádregnum verðbótum og gengismun, skv. lykiltölum Ásins.

06

Fjármagnsliðir, framhald


Hvar liggur fjármagnskostnaðurinn · A- og B-hluti 2027, m.kr. nema annað sé tekið fram

Eftir einingum

−648 m.kr. A+B 2027

Stærstur hluti fellur á Eignasjóð, sem ber lánin vegna fasteigna A-hluta. Hafnarsjóður er með jákvæða fjármagnsliði.

Fjármagnsliðir 2027, nettó, m.kr.




Langtímalán

10.671 m.kr. A+B 2027

Langtímalán með næsta árs afborgunum, án leiguskulda. Eignasjóður ber nær helming lánanna.

Lán í árslok 2027 eftir einingum, m.kr.




Þungur fjármagnskostnaður

78% Ársalir bs.

Hjá Ársölum bs. jafngilda fjármagnsliðir 78% af tekjum og skýra hallann (−32 m.kr.). Félagslegar íbúðir greiða 26% tekna í fjármagnsliði.

Fjármagnsliðir sem hlutfall af tekjum 2027, %



Hjúkrunarheimili

+2 m.kr. nettó 2027

Langtímakrafa á ríkið (1.391 m.kr.) vegna húsnæðisins skilar vaxtatekjum sem vega á móti vöxtum af lánum.

Fjármagnsliðir Hjúkrunarheimilis 2027, m.kr.




Næmni fyrir verðbólgu

Lánin eru að mestu verðtryggð. **Hvert prósentustig í verðbólgu er um 90 m.kr.** í verðbætur fyrir samstæðuna og um 70 m.kr. fyrir A-hluta.

06

Fjárfestingar 2027–2030

Nettó fjárfestingar skv. fjárfestingaryfirliti, m.kr. · brúttó fjárfesting að frádregnum framlögum, styrkjum, gatnagerðargjöldum og sölu eigna



Tekjur á móti fjárfestingum 2027–2030

Framlög, styrkir og aðrar tekjur, m.kr.

Hafnabótasjóður (hafnir)	1.411 m.kr.
Ofanflóðasjóður	1.078 m.kr.
Framlög og styrkir til veitna	707 m.kr.
Gatnagerðargjöld	325 m.kr.
Sala eigna	301 m.kr.
Fiskeldissjóður	280 m.kr.
Minjastofnun (Wathnehús)	100 m.kr.
Samtals	**4.202 m.kr.**

Brúttó 10.605 – tekjur 4.202 = nettó 6.403 m.kr.

Nettó fjárfesting = brúttó fjárfesting að frádregnum framlögum, styrkjum, gatnagerðargjöldum og sölu eigna. Mótframlög til hafna og veitna koma frá ríki og opinberum sjóðum.

06

Fjárfestingar A-hluta 2027–2030


Fjárfestingaryfirlit A-hluta skv. fjárhagsáætlun, m.kr. · gjöld eftir árum, tekjur á móti og nettó samtals


Verkefni, m.kr.	2027	2028	2029	2030	Gjöld samtals	Tekjur	Nettó
Safnahúsið Egilsstöðum	**250**	35	–	–	**285**	–	**285**
Nýr leikskóli Egilsstöðum	–	–	–	35	**35**	–	**35**
Lyngás 12, utanhússviðgerðir o.fl.	–	20	100	150	**270**	–	**270**
Íþróttamiðstöðin Egilsstöðum	**5**	25	–	290	**320**	–	**320**
Seyðisfjörður, grunnskóli	**147**	397	435	–	**979**	–	**979**
Seyðisfjörður, Wathnehús	**100**	–	–	–	**100**	−100	**–**
Seyðisfjörður, ofanflóðavarnir	**350**	250	250	250	**1.100**	−1.078	**22**
Herðubreið, bókasafn og skrifstofur	**80**	–	–	–	**80**	–	**80**
Bjarkartún, stækkun starfsmannarýmis	**60**	–	–	–	**60**	–	**60**
Bjarkartún, stækkun 3. deild	–	–	80	70	**150**	–	**150**
Sambúð, standsetning húsnæðis	–	50	–	–	**50**	–	**50**
Skíðasvæði Stafdal	–	10	10	–	**20**	–	**20**
Samfélagsverkefni	**10**	10	10	10	**40**	–	**40**
Þjónustumiðstöðvar, bílar og tæki	**10**	10	10	10	**40**	–	**40**
Slökkvilið	**5**	5	5	5	**20**	–	**20**
Bíll fyrir félagsþjónustu	–	–	–	30	**30**	–	**30**
Sláturhúsið, búnaður	**7**	–	–	–	**7**	–	**7**
Fjarðaborg	**5**	–	–	–	**5**	–	**5**
Annað óskilgreint	**14**	23	35	95	**167**	–	**167**
Gámasvæði og móttökustöðvar	**40**	10	10	–	**60**	–	**60**
Gatnagerð, stígar og útivistarsvæði	**150**	150	150	155	**605**	−325	**280**
Sala eigna	−40	–	−50	−50	–	−140	**−140**
Styrkir (fiskeldissjóður)	−70	−70	−70	−70	–	−280	**−280**
Fjárfestingar brúttó	**1.233**	**995**	**1.095**	**1.100**	**4.423**		
Tekjur á móti	−633	−395	−445	−450		**−1.923**	
Fjárfestingar A-hluta nettó	**600**	**600**	**650**	**650**			**2.500**

06

Fjárfestingar B-hluta 2027–2030

HEF veitur og Hafnir Múlaþings · brúttó fjárfesting og framlög á móti, m.kr. samtals 2027–2030





Fráveita er stærsta verkefni HEF veitna, 1.424 m.kr., þar af 543 m.kr. í framlögum.


Nettó fjárfesting HEF veitna 2027 er 712 m.kr. og er fjármögnuð með 450 m.kr. láni.

Seyðisfjarðarhöfn: 2.038 m.kr. brúttó, þar af 1.216 m.kr. í mótframlög.

06

10 ára fjárfestingaráætlun A-hluta 2027–2036

Nettó fjárfestingarammi A-hluta, m.kr. · fyrstu fjögur árin eru hluti af fjárhagsáætlun 2027–2030



NETTÓ 2027–2036

7.050 m.kr.

Þar af 2.500 m.kr. á árunum 2027–2030

BRÚTTÓ 2027–2036

11.126 m.kr.


Mótframlög, styrkir, gatnagerðargjöld og sala eigna 4.076 m.kr.

Ramminn hækkar í skrefum úr 600 í 850 m.kr., að því gefnu að markmið um rekstrarafkomu standist. Áætlunin er endurskoðuð árlega.

06

Stærri verkefni A-hluta 2027–2036

Tímalína verkefna yfir 100 m.kr. · skyggðu árin 2027–2030 eru í fjárhagsáætlun · heildarkostnaður brúttó í m.kr.




*Hæð kubbs endurspeglar fjárhæð ársins. * Verkefni fjármögnuð að mestu eða öllu með mótframlögum (Ofanflóðasjóður, greiðsluþak, mótframlög). Árlegir liðir s.s. gatnagerð (70 m.kr. nettó á ári) eru ekki sýndir.*

06

Fjármögnun: lántökur og afborganir

Samantekinn A- og B-hluti, m.kr. · afborganir eru hærri en nýjar lántökur öll árin



LÁNTÖKUR 2027–2030

3.490 m.kr.

A-hluti 2.040 m.kr. · HEF veitur 1.450 m.kr.

AFBORGANIR 2027–2030

4.486 m.kr.


A-hluti 3.038 m.kr. · B-hluti 1.448 m.kr.


Fjárfestingar eru fjármagnaðar að mestu með veltufé frá rekstri. Handbært fé samstæðu er 469 m.kr. í árslok 2027.

07

Skuldir og skuldbindingar

Heildarskuldir og skuldbindingar, m.kr., og skuldahlutfall (skuldir / tekjur)





Skuldahlutfall samstæðu lækkar úr 117,9% (2026) í 104,4% (2030) þar sem tekjur vaxa hraðar en skuldir.

07

Fjármálareglur og markmið 2027

Lögbundnar reglur sveitarstjórnarlaga og markmið sveitarstjórnar Múlaþings


	Regla	Viðmið	A+B 2027	Athugasemd
Lögbundið	**Jafnvægisregla**	Rekstrarjöfnuður A+B á þriggja ára tímabili ≥ 0	**1.306 m.kr.**	2025–2027 · A-hluti: −74 m.kr.
Lögbundið	**Skuldaregla**	Skuldaviðmið A+B ≤ 150% af reglulegum tekjum	**90,5%**	A-hluti: 79,4%
Markmið	**Framlegð**	A-hluti 10–15% · A+B 15–20%	**14,5%**	A-hluti 10,1% – innan markmiðs. A+B 14,5% nær 15,4% 2028
Markmið	**Veltufé frá rekstri**	Veltufé ≥ afborganir og vextir af langtímalánum	**1.711 m.kr.**	Afb. + vextir: 1.451 m.kr. · A-hluti: 1.024 m.kr. á móti 988 m.kr.

Uppfyllt Ekki uppfyllt 2027

07

Jafnvægisregla – rekstrarjöfnuður þriggja ára

Samanlögð rekstrarniðurstaða þriggja ára, m.kr. · þarf að vera jákvæð fyrir A- og B-hluta



A+B 2025–2027

1.306 m.kr.

Reglan er uppfyllt öll ár áætlunar

A-HLUTI 2025–2027

−74 m.kr.


Verður jákvæður frá 2028 (652 m.kr.)

Hallarekstur A-hluta 2025 (−372 m.kr.) vegur enn í þriggja ára jöfnuði 2027.

07

Skuldaregla – skuldaviðmið

Skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012, %, borið saman við 150% hámark



SKULDAVIÐMIÐ A+B 2027

90,5 %

Svigrúm að hámarki: 59,5 prósentustig

SKULDAVIÐMIÐ A+B 2030

81,7 %

A-hluti fer úr 79,4% í 64,8%


Skuldaviðmið er lægra en skuldahlutfall þar sem tilteknir liðir eru dregnir frá skv. reglugerðinni.

07


Rekstrarhæfi og greiðsluhæfi

Framlegðarhlutfall, veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum og skuldaþekja


Framlegðarhlutfall, %



Veltufé frá rekstri / tekjur, %



Skuldaþekja (framlegð / afb. + vextir)



Markmið: A-hluti 10–15% og A+B 15–20%. A-hluti er innan markmiðs öll áætlunarárin og A+B frá 2028.

Veltufé frá rekstri A+B fer úr 13,3% í 15,3% af tekjum.

Skuldaþekja yfir 1,0 þýðir að framlegð dugar fyrir afborgunum og vöxtum.

Niðurstaða

1

Jafnvægi í rekstri

Rekstrarniðurstaða A+B er jákvæð öll ár og þriggja ára rekstrarjöfnuður vex úr 1.306 í 2.476 m.kr.

2

Skuldir lækka hlutfallslega

Skuldaviðmið fer úr 90,5% í 81,7% og skuldahlutfall úr 117% í 104% árið 2030.

3

Fjárfest í innviðum

Nettó fjárfestingar 6.403 m.kr. 2027–2030 (10.605 m.kr. brúttó) og 7.050 m.kr. í A-hluta á 10 árum. Afborganir (4.486 m.kr.) eru hærri en nýjar lántökur (3.490 m.kr.).

4

Framlegð innan markmiða

Framlegð A-hluta er 10–12%, innan 10–15% markmiðs. Samstæðan er 14,5% 2027 og nær 15–20% markmiði frá 2028.

Múlaþing





Múlaþing

Lyngási 12 · 700 Egilsstaðir · mulathing.is